

Bæjarstjórn - 1818

FUNDARBOÐ

**1818. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 9. janúar 2019 og
hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1712136 - Kaldárselsvegur, lóð Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, fyrirspurn

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 18. desember sl.
Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 9. janúar 2018 lagði skógræktarfélag Hafnarfjarðar fram fyrirspurn um að breyta deiliskipulagi Hvaleyrarvatns og Höfða þar sem óskað var eftir stækkun og fjölgun byggingarreita fyrir hús og gróðurhús. Tók skipulags- og byggingarráð jákvætt í erindið. Lögð fram tillaga Batterísins að breytingu á deiliskipulagi dags. 10. desember 2018.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og beinir eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi í samræmi við 1.mgr. 43.greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 1811285 - Hjallastefnan, starf fyrir 5 ára börn

4.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 19. desember sl.
Samkomulag við Hjallastefnuna um tímabundið samkomulag vegna rekstur 5 ára leikskóladeildar lagt fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti tímabundna stækkun á samningi milli Hjalla og Hafnarfjarðarbæjar og vísar samningi þessum til samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

3. 18129536 - Systkinaafsláttur, hádegismatur fyrir hafnfirsk grunnskólabörn

6.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 19. desember sl.
Lagt fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti niðurfellingu fæðisgjalda í grunnskólum ef þrjú systkini eða fleiri eru með lögheimili í Hafnarfirði og vísar til frekari samþykktar í bæjarstjórn.

4. 18129558 - Þjónustusamningur, Bogfímifélagið Hrói Höttur

7.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 19. desember sl.
Lögð fram drög að samningi Hafnarfjarðarbæjar við nýtt íþróttafélag í Hafnarfirði,

Bogfimifélagið Hróa hött. Um er að ræða þjónustusamningur til eins árs.

Fræðsluráð fagnar því að enn bætist við fjölbreytni til ípróttaiðkunar í Hafnarfirði og samþykkir fyrir sitt leyti þjónustusamning við Bogfimifélagið Hróa Hött og vísar til frekari samþykkis í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

5. 1811278 - Álfhella 5, lóðarumsókn

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.des.sl.

Lögð fram umsókn Borgarafls ehf, kt. 690103-2490 um atvinnuhúsalóðina nr. 5 við Álfhelli.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni nr. 5 við Álfhelli verði úthlutað til Borgarafls ehf.

6. 1810180 - Lífsgæðasetur St. Jó, gjaldskrá

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 20.des.sl.

Eva Rún Michelsen verkefnastjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar til afgreiðslu í bæjarstjórn.

7. 1408123 - Fötluð ungmenni, búsetuúrræði

3.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 21.des.sl.

Fjölskylduráð samþykkir fyrirbyggjandi samning og vísar honum til bæjarstjórnar.

Fundargerðir

8. 1801218 - Fundargerðir 2018, til kynningar í bæjarstjórn.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 19.desember sl.

a. Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 28.nóv. sl.

b. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 14.des. sl.

c. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 7. des. sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.desember sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 19.desember sl.

a. Fundargerð íprótta- og tómstundanefndar frá 10.des.sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 21.des.sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 20.desember sl.

a. Fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga frá 30.nóv. og 14.des.sl.

b. Fundargerð stjórnar SSH frá 3.des. sl.

c. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 21.nóv og 14.des. sl.

d. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 7.des. sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 7.janúar sl.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri

